



26.08.2026

**Bæjarráð - 2502. fundur bæjarráðs
haldinn á bæjarskrifstofu, þriðjudaginn 25. ágúst 2026
og hófst hann kl. 12:00**

Fundinn sátu:

Kristján Jón Guðmundsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Baldur Smári Einarsson, Þorbergur Haraldsson, Guðfinnur Ragnar Jóhannsson og Kristinn Gauti Einarsson.

Fundargerð ritaði: Kristinn Gauti Einarsson, Fjármála- og skrifstofustjóri

Dagskrá:

Finnbogi Bjarnason kom inn á fund.

1. Framtíðarskipan áhaldahúss - 2608052

Fyrir liggja fyrirhuguð starfslok starfsmanns áhaldahúss. Af því tilefni er lagt til að hafin verði umræða um framtíðarskipan starfseminnar, mönnunarþörf og mögulega þróun verkefna áhaldahússins.

Bæjarráð samþykkir að undirbúa útboð á afmörkuðum verkþáttum áhaldahússins svo sem snjómokstri og slætti opinna svæða. Bæjarstjóra er falið að leggja fram tillögu um umfang útboðs, útboðsform og framkvæmd verkefnisins, ásamt mati á fjárhagslegum og rekstrarlegum áhrifum, áður en endanleg ákvörðun verður tekin.

2. Tímalína Bæjarráðs 2026 - 2606050

Lagt fram uppfært yfirlit yfir helstu mál og verkefni sveitarfélagsins. Tímalínan er innra vinnuskjal sem ætlað er að styðja við áætlanagerð, forgangsörðun verkefna og yfirsýn bæjarráðs yfir stöðu mála hverju sinni.

Tímalína kynnt.

3. Framkvæmdir 2026 - 2606040

Lagt verður fram yfirlit yfir stöðu framkvæmda og fjárfestinga árið 2026, ásamt mati á framvindu verkefna og fjárhagslegri stöðu þeirra. Bæjarráð ræðir stöðu verkefna og næstu skref eftir því sem við á.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna áfram að því að ná fram malbikun á hafnarsvæði við Strandgötu, og Grundargarði.

Finnbogi Bjarnason vék af fundi.

4. Ósk um aukið framlag. - 2608037



26.08.2026

Fyrir liggur erindi frá Vesturaflí, dags. 14. ágúst 2026, þar sem óskað er eftir auknu framlagi frá Bolungarvíkurkaupstað til reksturs starfseminnar. Vesturafl bendir á aukin umsvif starfseminnar og aukinn launakostnað sem tilefni beiðninnar.

Bæjarráð telur starfsemi Vesturafls mikilvæga og tekur vel í ósk um aukið framlag. Áður en ákvörðun verður tekin telur bæjarráð þó nauðsynlegt að fá nánari upplýsingar um kostnað og forsendur erindisins. Afgreiðslu málsins er því frestað og bæjarstjóra falið að afla frekari upplýsinga.

5. Bergið headspace, tilboð um þjónustu - 2608051

Lagt er fram erindi frá Berginu headspace um þjónustu og mögulegt samstarf við sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum um stuðning og ráðgjöf fyrir ungmenni.

Bæjarráð tekur vel í erindi Bergsins headspace og samþykkir þátttöku Bolungarvíkurkaupstaðar í verkefninu. Bæjarráð telur um mikilvæga viðbót við stuðningsúrræði fyrir ungmenni að ræða. Jafnframt er erindinu vísað til kynningar í velferðarráði.

6. Framtíðarfyrirkomulag félagsstarfs eldri borgara - 2111020

Lagt er til að Bolungarvíkurkaupstaður taki við umsýslu og rekstri félagsstarfs eldri borgara. Með breytingunni yrði starfsemin rekin á vegum sveitarfélagsins og umsýsla hennar færð til tómtundafulltrúa.

Bæjarráð samþykkir að félags- og tómtundastarf aldraðra færist á ný undir Bolungarvíkurkaupstað. Umsýsla starfseminnar færist til tómtundafulltrúa sveitarfélagsins, sem annast skipulag og framkvæmd hennar fyrir hönd sveitarfélagsins.

7. Fimm ára deild - endurskoðun - 2608050

Lögd er fram tillaga bæjarstjóra um að færa deildina Malir fyrir fimm ára börn úr Grunnskóla Bolungarvíkur aftur í leikskólann Glæðheima frá og með skólaárinu 2027-2028.

Bæjarráð vísar málinu til umfjöllunar og umsagnar fræðslu- og æskulýðsráðs. Bæjarráð lýsir jafnframt yfir jákvæðri afstöðu til fyrirbyggjandi tillögu en telur rétt að frekari umræða og faglegt mat fari fram áður en endanleg afstaða verður tekin til málsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:06